

Hugmyndahandbók Viðskiptaráðs

Sigrún Ragna Ólafsdóttir, forstjóri VÍS

Ágætu gestir

Ég vil byrja á því að taka undir með formanni Viðskiptaráðs – það er virkilega gaman að sjá hversu margir hafa lagt leið sína hingað í dag. Eins og formaðurinn kom inná í sinni ræðu þá ætla ég að ræða aðeins um tilurð *Hugmyndahandbókar Viðskiptaráðs* og sýna ykkur nokkrar af þeim tillögum sem þar má finna.

Aðdragandi *Handbókarinnar* var sá að í lok nóvember síðastliðnum óskaði Viðskiptaráð liðsinnis um tuttugu velviljaðra einstaklinga úr atvinnulífi og fræðasamfélagi til að móta tillögur að aukinni hagkvæmni. Myndaðir voru þrjú vinnuhópar á sviði auðlindatengdrar starfsemi, alþjóðlegrar starfsemi og innlendrar þjónustu. Hópunum var falið, í samstarfi við starfsfólk Viðskiptaráðs, að útfæra nánar meginskilaboðin úr skýrslu *McKinsey & Company*, sem þið sáuð áðan.

Áhersla var öðru fremur lögð á að draga fram ákveðin aðalatriði á hnitmiðaðan máta. Afurð vinnunnar eru þrettán tillögur sem snerta á fjölmörgum þáttum íslensks efnahags- og atvinnulífs. Þær fela í sér tiltekna stefnubreytingu og áherslur sem við teljum að muni gera fólki, fyrirtækjum og hinu opinbera kleift að leggja saman á árar til að skapa meiri verðmæti með minni tilkostnaði – og með því bæta lífskjör. Í því liggja sameiginlegir hagsmunir okkar allra.

Tillögurnar eru því ekki útfærðar á tæmandi hátt, né heldur eru sumar hverjar óumdeildar. Er þeim beinlínis ætluð frekari rýni og umræða. *Handbókin* er þannig fyrst og fremst hugsuð sem framlag Viðskiptaráðs til yfirstandandi uppbyggingarstarfs og vonum við að hún geti m.a. nýst nýskipuðum *Samráðsvettvangi um aukna hagsæld á Íslandi* við mótun hagfelldrar framtíðarsýnar fyrir Ísland.

Áður en ég sýni ykkur nokkrar af tillögum *Handbókarinnar* vil ég vil þakka þátttakendum þessara þriggja vinnuhópa sérstaklega fyrir framlag þeirra. Það er ómetanlegt fyrir starf samtaka á borð við Viðskiptaráð að geta notið aðstoðar svona hæfra einstaklinga.

Góðir gestir

Eins og þið sjáið þá eru þetta viðamiklar tillögur, sem meiri tíma þarf til að ræða nánar en gefst hér. Þá hefði vafalaust mátt fjalla um fjölmörg önnur mikilvæg atriði sem snerta rekstrarumhverfi fyrirtækja og lífskjarapróun í víðu samhengi.

Ég hygg þó að starfsmenn og stjórn Viðskiptaráðs hafi á síðustu árum – í samstarfi við félagsmenn – tæpt á flestum þeirra í sínu starfi, en þess má geta að frá árinu 2008 hefur ráðið haldið yfir 60 opna fundi og gefið út 16 skýrslur, 35 skoðanir og tæpar 400 umsagnir um lagafrumvörp.

En á stundum hefur verið spurt hvers vegna Viðskiptaráð sé yfirleitt að leggja til breytingar á fyrirkomulagi efnahagsmála og starfsskilyrðum atvinnulífs. Þessu svaraði fyrrverandi formaður Viðskiptaráðs, Hjalti Geir Kristjánsson, ágætlega árið 1979 þegar ráðið lagði fram stefnu sína í efnahags- og atvinnumálum. Þar sagði hann m.a:

„Vegna þess hversu aðild að *Verslunarráði* er fjölbreytt er ráðið á margan hátt kjörinn vettvangur fyrir fyrirtæki til þess að móta heildarstefnu í efnahags- og atvinnumálum ...

Talað orð gildir

Stefna Verslunarráðs er ekki einskorðuð við einstakar atvinnugreinar, heldur mótast hún af hagsmunum atvinnulífsins í heild og þá jafnframt hagsmunum þjóðarinnar allrar ...

Bæði hér heima og erlendis hefur atvinnulífið ekki verið nægilega virkt í mótun framtíðarumhverfis og starfsskilyrða atvinnurekstrar. Á síðustu árum hafa viðhorf manna verið að breytast að þessu leyti. Er það vel, því atvinnulífið býr yfir margvíslegri þekkingu og reynslu, sem mikið gagn er að þegar litið er á stóru myndina ...

Er það von okkar í Verslunarráðinu að þessi stefnumótun okkar megi verða upphaf að málefnalegri umræðu um framtíðarskipulag atvinnumála og stjórnvöldum leiðbeining um skoðun viðskiptalífsins á því, hvers konar efnahagsumhverfi það telur farsælast til að skapa ný atvinnutækifæri og batnandi líf skjör fyrir alla landsmenn.“

Kæru vinir

Þessi orð eiga enn fyllilega við í dag, 34 árum síðar, og varla þarft að bæta við þau.

Ég vil þó nefna, að þessum ágætu mönnum ólöstuðum, hversu ánægjulegt er að sjá jákvæða þróun í atvinnulífinu við að virkja hinn helming mannauðsins, okkur konurnar. Öflugur mannauður er okkar verðmætasta auðlind og nauðsynlegt að við nýtum öll þau tækifæri sem hann hefur að geyma.

Að því sögðu þakka ég fyrir mig og ég hlakka til að heyra viðhorf formanna stjórnmalaflokkanna, sem stíga næst í pontu, við tillögum *Hugmyndahandbókarinnar*.